

## Fundargerð

11. fundur svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum.
22. febrúar 2022 klukkan 09:00 í húsnæði Skipulagsstofnunar.

### Mætt:

Magnús Jóhannesson (MJ), formaður svæðisráðs stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs: Arnór Snæbjörnsson (AS) og Friðfinnur Skaftason (FS). Aðalsteinn Óskarsson (AÓ), Guðfinna M. Hreiðarsdóttir (GMH), Hafdís Sturlaugsdóttir (HS) og Lilja Magnúsdóttir (LM) tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað. Erla Sigríður Gestsdóttir (ESG) boðaði forföll og einnig hennar varamaður, Hreinn Hrafnkelsson.

Frá Skipulagsstofnun: Ester Anna Ármannsdóttir (EAÁ), Hrafnkell Á. Proppé (HÁP) og Hrafnhildur Magnúsdóttir (HM), sem ritaði fundargerð.

Stefán Gunnar Thors (SGT) og Bryndís Skúladóttir (BS) frá VSÓ ráðgjöf tóku þátt í fundinum, Bryndís í gegnum fjarfundarbúnað.

Nýr formaður MJ setti fundinn og gengið var til dagskrár.

### Dagskrá fundar:

#### 1. Kynning og umræður um drög að strandsvæðisskipulagi á Vestfjörðum.

Svæðisráð fékk þann 16. febrúar send drög að stefnuskjali; *Strandsvæðisskipulag Vestfjarða 2022. Vinnslutillaga nr. 2 til umfjöllunar í svæðisráðum.*

EAÁ greindi frá því að Innviðaráðherra hefði samþykkt nýlega breytingu á reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags nr. 330/2020 og tók gildi þann 16. febrúar. Þar eru nýtingarflokkar strandsvæðisskipulags festir í sessi.

EAÁ kynnti því næst stefnuskjalið, fór yfir almenna uppbyggingu þess og gerði grein fyrir drögum að stefnu strandsvæðisskipulagsins og útfærslu á skipulagsuppdrætti og skipulagsákvæðum. Í kjölfar yfirferðar hvers kafla fór fram umræða.

Rætt var um stefnu skipulagsins um samfélag og byggð og komu fram ábendingar um að leggja bæri meiri áherslu á hvernig skipulagið myndi styrkja sjálfbæra þróun og þannig styrkt stöðu aðliggjandi byggðarlaga. Þá komu fram ábendingar um að gera mætti ítarlegri grein fyrir íbúáþróun á Vestfjörðum samanborið við landið í heild í greinargerð. Einnig kom fram að fjalla þyrfti ítarlegar um þátt fiskeldis í viðspyrnu ákveðinna sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Bent var á að gera þyrfti grein fyrir stöðu tillagna Náttúrufræðistofnunar Íslands á B-hluta náttúruminjaskrár í greinargerð með skipulaginu. Þá var einnig rætt um stöðu þangsláttar í skipulaginu út frá gildissvæði laga um gerð strandsvæðisskipulags.

Í umræðum um siglingar á strandsvæðum var rætt um skilgreiningu svæða til siglinga. EAÁ sagði frá leiðbeiningum norsku stofnunarinnar Kystverket sem sem hafðar eru til hliðsjónar við skipulagsgerðina. Þær geri ráð fyrir því að svæði til siglinga séu almennt 1 km á breidd til að tryggja öruggar og greiðar leiðir. Ljóst er að aðstæður í fjörðum eru mismunandi og aðkoma til hafnar sumstaðar þrengri en 1 km. Við afmörkun svæða til siglinga hafi því einnig verið horft til uppsafnaðra siglingaferla á svæðinu. Rætt var um hvort skilgreina þyrfti frekari svæði til siglinga í Ísafjarðardjúpi þar sem fram kom að æskilegt væri að skilgreint væri svæði til siglinga að Vigur.

Rætt var um orkunýtingu á strandsvæðum og mikilvægi þess að mótuð yrði stefna og umgjörð um hana og vakin athygli á áhuga á rannsóknum í Ísafjarðardjúpi í því samhengi. Jafnframt var

rætt um markmið um loftslagsmál og kolefnishlutleysi og lagðar til orðalagsbreytingar þess efnis að skipulagið styðji við loftslagsstefnu stjórnvalda.

Viðmið um staðbundna nýtingu innan reita sem skilgreindir eru fyrir almenna nýtingu voru auk þess til umfjöllunar. Rætt var um hvort ástæða væri til að setja viðmið um hlutföll slíkrar staðbundinnar nýtingar innan almennu nýtingarinnar. Ekki var talin ástæða til að fastsetja slíkt viðmið. Að lokum benti EAA á þær breytingar sem gerðar höfðu verið á uppdrætti frá fyrri tillögu sem rædd var á síðasta fundi.

## **2. Kynning og umræður um drög að umhverfismati strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum.**

Svæðisráð fékk þann 16. febrúar send drög að umhverfismati; *Umhverfisskýrsla, drög í vinnslu. Vinnugögn til umfjöllunar í svæðisráði.*

BS kynnti drög að umhverfisskýrslu fyrir strandsvæðisskipulag á Vestfjörðum. Sagt var frá uppbyggingu skjalsins og hvernig vinnu við umhverfismat í skipulagsferlinu hefði verið háttað og samantekt á umhverfismati á stefnuskjalinu og skipulagsákvæðunum kynnt. Að lokum fjallaði BS stuttlega um samræmi milli svæða í valkostagreiningu. Fram kom ábending um að æskilegt væri að meta áhrif valkosta í Patreks- og Tálknafirði með tilkomu nýrra upplýsinga en þar lágu ekki fyrir valkostir þegar greiningin fór fram.

## **3. Fundir með samráðshóp og sveitar- og hafnarstjórnnum og vinnan framundan.**

EAA gerði grein fyrir næstu skrefum vinnunnar, það er; kynningu á tillögu fyrir sveitar- og hafnarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga og samráðshópi, vinnu við tillögugerðina eftir samráðið og þar til svæðisráð samþykkir að auglýsa tillögu. Samþykkt var að kynna tillöguna fyrir sveitar- og hafnarstjórnnum og samráðshóp. Haldnir verða tveir fundir, annar á sunnanverðum Vestfjörðum og hinn á norðanverðum Vestfjörðum. Fundur með samráðshóp verður í Reykjavík. Gert er ráð fyrir að fundir verði haldnir á svæðinu á tímabilinu 7.-18. mars.

## **4. Önnur mál**

Samþykkt var að fundargerð yrði send fulltrúum í tölvupósti til samþykktar.

Fleira var ekki gert, fundi var slitið klukkan 12.35.